



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 81. TBL. 16. ÁRG. OKT. 1993



*Aukin þekking er undirrót allra framfara.
Helgi Pjeturss.*

Litla sólin bláa og rauðu sveigarnir sérkennilegu

(Sjá forsíðumynd)

Myndin á forsíðu sýnir fremur litla bláa sól, sem er ákaflega björt, og er önnur sólin í athyglisverðu tvístirni. Hún er rauð, ein af þeim allra stærstu sem þekkjast. VV Cephei. Þessar tvær sólar eru í stjörnumerkinu Sefeusi. Þær ganga eina umferð hvor um aðra á hverjum 20 árum. Svo stór er rauða sólin, að meirihlutinn af sólhverfi okkar mundi rúmast innan við yfirborð hennar. Þessar tvær sólar eru tiltölulega nálægar hvor annarri og aðdráttarkraftur hinnar litlu, bláu, er svo mikill, að hún dregur að sér efni frá yfirborði þeirrar stóru, rauðu, og má á myndinni sjá, hvernig þessir efnistaumar mynda sveipi umhverfis litlu sólina bláu. Ekki veit ég hvort slíkt fyrirbæri er algengt, en talið er að þannig hátti til í þessu ákveðna tilviki. En víst er að rauðar risasólar eru hlutfallslega fáar miðað við aðrar.

Talið er að rauðar jötunsólar séu á eldri stigum þróunarferils síns og hafi brennt upp miklum hluta af vetnismagni sínu og hafi í framhaldi af því þanist út uns þær náðu þessari ofurstærð.

Ingvar Agnarsson.

*(Myndin er fengin úr tímaritinu Astronomy,
okt. 1990, bls. 30).*



Vetrarbraut í Meyjarmerki.

Erich Stirnemann:

Áhrifamikil reynsla

„Þegar ég var átján ára að aldri, átti ég heima í Richmond Hill, á Long Island í New York fylki. Ég stundaði leikfimisæfingar, rétti handleggina út, fram og upp, eftir Mullersaðferð. Í þá daga áttum við lítinn kost á skemmtunum eða frístundum, og meðan ég var að æfingum einn daginn, datt mér í hug að fara að sjá kvikmynd – en þá smaug skyndilega upp eftir mænunni í mér einhver **sterkblár hugarkraftur**, og stóð þetta nokkrar sekúndur, en barst síðan inn í höfuðið.

Ég varð sæll og glaður, því að þessi blái kraftur, sem mér virtist vera af guðlegu eðli – en ég hef síðar komist að því að indverskir dulfræðingar kalla hann Kundalini – kom yfir mig, þegar mér var sú ósk ein í huga að fara að sjá tiltekna kvikmynd! Ég varð nú að fara á slíkar sýningar tvisvar til þrisvar í viku á hálfri annað ár, eiginlega á móti vilja mínum og dómgreind, þangað til ég loks vandi mig af þessu.

En það sem í húfi var, er þetta: Hefði ég á þessari stundu haft þá hugsun að hata eða myrða einhvern, þá hefði ég, undir áhrifum þessa völduga afls, **ekki getað staðið á móti því að fremja slíkt.**

Þessi reynsla hafði geysileg áhrif á mig. En nokkrum árum síðar áttum við systkinin Harley-Davidson vélhjól fyrir tvo. Við fórum oft á því upp Bronx River Parkway í aðalborginni, á sunnudögum meðan umferðin var mest. Í einni slíkri ferð gerðist það, að draumkrafturinn flaug upp eftir mér og inn í höfuð, og tók frá mér í nokkrar sekúndur alla þá athygli, sem ökumanni er nauðsynleg og eiginleg. Ég varð skelfingu lostinn, því að öll sjón og skoðun hvarf mér við áhrif þessa

hugarkrafts draumaástands, og í einni ferðinni varð þetta svo slæmt, að ég var að því kominn að aka út af, þegar systir mín hrópaði á mig – því henni var ljóst að eitthvað var að!

Eftir þetta fór ég að verjast þessum áhrifum, og lét þau ekki frammar ná neinu valdi á hugsun minni og athugun – og þau komu aldrei aftur.

Ég veit ekki, hvernig þú hugsar um þetta eða hvernig þú setur það í samband við orsök drauma.“ (E. Stirnemann skráði).

Athugasemdir og skýringar

Margt kemur mér í hug um þessa reynslu, og vissulega er frásögnin fyllsta trausts verð. Það er Stirnemann til hins mesta hróss, að hann skuli á níráðisaldrinum hafa komist svo langt að skilja, af lestri bóka á ensku um íslenska kenningu, að draumar eru aflfyrirbæri, og að fyrirburðir eins og þessi „mænublossi“ hans eru réttnefnd draumakraftur, eða „hugarkraftur draumaástands“, eins og hann orðar það. – En hitt, að athyglin fór að blunda hjá honum við stýrið, upp frá þessu, í hvert sinn sem snertur af þessu kom yfir hann, sýnir glögg skyldleika þessa ástands við svefninn. – Í augum þeirra sem óvanir eru að fást við reynslu af þessu tagi hljómar það víst dálítið skringilega, að bjarminn hafi þotið upp eftir mænunni – og verið blár, þó að maðurinn horfði framfyrir sig. En það þarf ekki lengi að leita að jafn „skrítnum“ hlutum í safni dulrænnar reynslu til þess að finna hliðstætt. Eftir féлага okkar Guðmund heitinn á Klafastöðum er til frásögn af því, þegar hann heyrði heila setningu „með hryggnum“ á sveitarsamkomu, meðan hann var að tala um kvæði, sem hann ætlaði að lesa. – Það ætla ég, að þessi blái bjarmi hafi verið tilkominn fyrir samband við líföfluga ágætisveru á öðrum hnetti, sem gengur fram í bláum loga, og hafi íleiðslan lýst sér eins og hún stæði gegnum mænuna fyrst, þaðan til heilabúsins, og síðan um allan líkamann meira eða minna. Reynsla þessi er ekki dularfull, og því síður „yfirskilvitleg“, heldur hreint náttúrufyrirbæri, ef lítið er á hana með þeim skilningi sem hér er bent á.

Því fer fjarri, að þetta hafi verið á nokkurn hátt illt samband, enda þótt hætta væri því samfara. Guðirnir senda kraft sinn án

afláts út í Miðgarðinn án þess að hugsa um afleiðingarnar, en reyna hinsvegar jafnan að bæta um, ef eitthvað misferst. En þarna varð Jarðarmaðurinn sjálfur að taka til sinna ráða, ef ekki átti verr að fara. Er þetta eitt með öðru, sem sannar, að maðurinn verður óumflýjanlega að ná vitstiginu. Hann verður að fást við þessi jarðnesku vandamál sín á þann hátt, sem hann hefur jafnan haft viðleitni til: með skynsamlegu viti og framkvæmd. Það var þetta, sem hann Eiríkur Stirnemann gerði þegar hann var á níttjándá árinu, í New York, og það er því að þakka að við höfum hann enn hér á meðal vor.

Og svo er eitt í þessu, sem ég held líka að Stirnemann hafi alveg réttilega tekið fram. Óskin í huga Jarðarmannsins, hver sem hún er, getur náð svo algerum tókum á honum á þeirri stundu, sem magnanin steypist yfir hann, að hann fái ekki við neitt ráðið. Hjá honum var þetta einungis sú meinlausa ósk, að fara á tiltekna kvikmynd, sem hann varð að framfylgja. En hefði heildarafsvæðið þarna verið verra en það var, þá hefði getað verr farið. Vera má að fyrstu glæpir hafi hjá sumum orðið þannig, að grimmdarfull hugsun hafði þróast með þeim um skeið, uns hún náði tókum á þeim á magnanarstund, líkri og þarna var lýst. Af þessu sést hver nauðsyn er á réttri lífennisfræði, og að menn viti, hvað af því leiðir að drýgja glæpi. Þeir – eða þær – sem spilla lífi annarra, munu miskunnarlaust verða að taka út á sjálfum sér alla þá ánægju, sem þau höfðu af því að baka öðrum kvöl. Menn þurfa að vita hvert stefna ber, og hvað af því leiðir að gera það ekki.


Erich Stirnemann er svissnesk-kalifornískur fræðimaður og skáld ágætt, sem hefur mikinn áhuga á forníslenskum fræðum. Hann hefur verið í bréfasambandi við mig í nokkur ár og kynnt sér nýölsk fræði. – Á kreppuárunum var Stirnemann atvinnulaus og eigrandi um götur New York borgar, en svo hitti hann ókunnan mann, sem gaf honum bók; það var þýsk þýðing á Eddu Snorra Sturlusonar, sem hann las þegar í stað og heillaðist af; síðan hefur Stirnemann verið tryggur og trúr guðunum. Hann hefur einnig grúskað mikið í fornindverskum fræðum; og þrjá mikla ljóðabálka hefur hann ort: Baldurs Eddu; Aia Suita (með indversku ívafi); og svo einn, sem er um

Mahabaratha; það er hina „Miklu Baráttu“ Indóevrópumanna, sem streymdu inn á Indland um 1500 f.Kr., og kváðu sigurbragi og spekimál með ýmsum nöfnum ekki óíslensku-
legum. – En á öllu þessu kann Stirnemann góð skil; hann er lærður maður og þó enn meir um vert, að hann er góður maður, einarður og trygglyndur, og hefur ekki látið lífið (eins og það er enn) eða lygina beygja sig. Hann er og verður Germani, og biðst ekki afsökunar á því; friðarsinni er hann og mannasættir.

Jafnan er það mér hugfró að lesa í ljóðum Stirnemanns; eru þau ýmist á ensku eða þýsku, enda eru honum bæði málin töm, og ætla ég hann ekki síður gott skáld á þýsku, sem er móður-
mál hans.

Þorsteinn Guðjónsson.

Vetrarbrautapýrping í Meyjarmerki



Ný jarðöld hefst með því að uppgötva mátt lífsins til að sigrast á fjarlægðum himingeimsins. *Helgi Þjeturss.* (Framn. s. 245).

Þorsteinn Guðjónsson:

„Viddir“ í stærðfræðum og dulfræðum

Franski vitringurinn Descartes mun hafa orðið fyrstur til að setja á skipulegan hátt þá mælistiku á rúmið eða rýmið, sem nú er nefnd „hnitkerfi“. Valinn er upphafspunktur, núll eða 0, og frá honum lína, fyrst ein en síðan önnur hornrétt á hana, og er þá kominn flötur, en síðan hin þriðja hornrétt á báðar þær og er þá kominn geimur eða rúm. Línurnar ganga í þrjár höfuðáttir, og leiðir það til þess að rúmmynd, t.d. kúlu, verður auðveldara að lýsa í formúlu en áður. Í tvívíðum fleti hugsa menn sína flatarmálsfræði en í þrívíðu rúmi: rúmfræði. Allt verður það rétt sem nákvæmt er hugsað á þessa leið, óhjákvæmilega rétt og furðulega nákvæmt. Margir hafa fallið í stafi af undrun yfir þessum fræðum og árangri þeirra; en þó hefur það einnig hent að mönnum hafi orðið fótaskortur á því svelli, og skal nú lítillega að því vikið.

Hver það var, sem fyrstur tók upp á því að skrá tímann sem fjórðu vidd í hnitkerfi, veit ég ekki, en víst er, að notkun Alberts Einsteins á því hugtaki hefur frægust orðið. Þetta á rætur sínar langt aftur. Þarf ekki mikla reikningsmenntun til að sjá, að þetta er rétt aðferð, óhjákvæmilega rétt; er til dæmis hægt að lýsa göngu Mars um Sól í fagurri formúlu, kenndri við Kepler; það var ekki aðeins að Kepler lýsti leiðinni, sem Mars fór, heldur einnig því hvernig leiðin og tíminn tengdust saman, eftir því hvort leið lá nær eða fjar söl; voru þar rætur þyngdarlögsmálsins, sem Newton síðan skildi og skýrgreindi stærðfræðilega.

Það sem Einstein tók sér síðan fyrir hendur, var að gera allan veruleika himingeimsins og þess sem í honum er að einu samfelldu tímarúmi. Er ekki ólíklegt, að á undan öllum

útreikningum hans hafi farið einhverskonar „hugljómun“. Má hafa fyrir satt að *ymsir aðrir* en Einstein hafi skynjað þetta á líkan hátt. „Skilst mér nú að kenning hans (E.) sé á þá leið, að tími og rúm séu í innsta eðli sínu eitt og sama, og hafa fleiri hugsað sér eitthvað í líka átt, þó að þeir hafi sennilega hugsað þetta af öðrum skilningsleiðum. Hafði mér skilist þetta þannig að tíminn yrði til aðeins fyrir flutning hlutanna um rúmið og breytingar þeirra í sjálfum sér, og að það væri því jafnrangt að segja að tíminn liði og það að segja sólina fara umhverfis jörð. Liðin og ókomin tíð fannst mér þannig vera sem aðrir staðir í rúminu.“, segir borgfirskur heimspekingur um 1940 (P. J.) og þykir mér honum hafa tekist í besta lagi að segja í orðum þessa hugsun. – En séu „tími og rúm í innsta eðli sínu eitt og sama“, þá verður „tíminn sem fjórða vídd“ eðlileg og sjálfsögð stærðfræði, og munu allir sem hafa lágmarkspekkingu í þeirri grein viðurkenna að svo sé.

En þar greinast líka leiðir, milli dulfræða og vísinda, og er alveg óþarft að fara lengra upp víddastigann til þess að læra að skilja hér á milli. – Oft er það að ég stend eins og agndofa frammi fyrir þeim firrum, sem mér virðist ríkja í hugum jarðarmanna, og á þetta ekki síst við um dulfræðin – og trúfræðin. En einnig hjá andstæðingum dulfræða má finna hinar mögnuðustu firrur, og stundum ganga þær á milli flokkanna, og skal nú ekki orðlengja um þetta meir, en snúa sér að „víddunum“ og öðru til samanburðar við þær.

Elsta skýringin á „dulrænum fyrirbærum“, sem enn á sér fjölda áhangenda, er sú, að verurnar sem valda þeim, séu íbúar andaheims, og halda menn þá jafnan, að hann sé staðlega bundinn umhverfi sínu. Eða með öðrum orðum: að hann sé í loftinu í kringum okkur. – Þegar menn fóru að vitkast og menntast á þeirri öld, sem í Frakklandi og Evrópu yfirleitt var kölluð Upplýsingaröld (enska: Age of Enlightenment) – 18. öld – fór þeim að þykja lítið til andaheimsins koma. Með tilkomu spíritismans um miðja 19. öld urðu fyrirbærin handanað verulegur áhrifapáttur. En í öðru lagi var Sp. eins konar heimspeki og lífsspeki, og í þriðja lagi leitaði hann sér vísindalegs búnings. Hvað af þessu og hversu mikið hlutfalls-

lega var fengið að handan, og hvað mannlegar viðbætur, er erfitt að meta og fer eftir sjónarhól – spíritistar töldu löngum, að flest væri komið handanað, en andstæðingar þeirra voru á öðru máli. En móðir mín sagði mér, að hin fræðilega undirstaða Sp. kæmi fyrst fram í sögu eftir Edgar Allan Poe (Histories extraordinaires), og er þar upphaf þeirrar hugmyndar að „há öldutíðni efnisins í andaheiminum“ sé orsök þess, að sumir sjá sýnir en aðrir ekki, og þess að hlutir geta horfið og komið aftur.

Þetta gat nú litið sæmilega út í fyrstu, en því meir sem fram fór þekkingu manna á öldutíðni orkunnar og eiginleikum efnisins því fjær fór um sennileika þessarar tilgátu, og þegar „eterinn“, annar þáttur í bylgjufræðum eðlisfræðinga á þessum tíma, fór í glatkistuna snemma á 20. öld var ljóst, að ekki dugði að setja hið ósýnilega niður þar sem hann var.

Hið sama er að segja um fleiri slíkar hugmyndir: „Astralplön“ guðspekinga í 300, 500, 750 o.s.frv. mílna hæð yfir sjávarmáli, voru hugmyndir sem um tíma áttu þó nokkru fylgi að fagna. Þegar geimferðir hófust og farkostir fóru léttilega gegnum þessi „svið“ féll að mestu niður talið um astralplön, og héldu þá líka sumir, að sögur dulfræðinga af ferðum sínum um þær slóðir væru hégóminn einn.

Þegar „eterinn“ hvarf af sjónarsviðinu, eftir aldamótin 1900, voru dulfræðingar (og trúfræðingar) orðnir illa settir með fræðilega undirstöðu, og þar sem tískan og straumar tímans gengu mjög með Einstein, reyndu þeir brátt fyrir sér á vegum hans: „Fjórða víddin“ varð bráðlega hluti af kenningarlegu ívafi þeirra. Þó að menn töluðu ekki lengur um andaheim, áttu þeir við hann þegar þeir fullyrtu að „fjórða vídd“ væri ósýnilegur heimur „handan rúms og tíma“. *Þetta var ekki í neinu samræmi við skilning eðlisfræðinga á fjórðu vídd*, en þó var mikill fjöldi trúfræðinga og dulfræðinga með slíkt í munni sér um og eftir miðja þessa öld. – Mennt gera „spíritistum“ (nafnið er notað sem hrakyrði af sumum) rangt til, ef þeir gefa þeim einum sök á þessum túlkunum eðlisfræðinnar; oft finn ég nokkurnveginn sömu hugmyndirnar hjá guðfræðingum, guðspekingum og akademikurum af ýmsu tagi.

Reyndar bar það við, að þeir sem menntaðastir voru úr hópi þeirra, sem fengust við dulræn og trúræn fræði, gáfust upp á 4. víddinni, og færðu sig því yfir í „fimmtu vídd“ eða sjöttu, og sá ég eitt sinn þann undarlega leik fara fram í virtu amerísku fyrirburðafræði-tímariti (um 1975), að minni háttar maður vildi halda sig við fjórðu vídd eins og áður, en prófessor einn taldi sig og aðra hálærða vera yfir fjórðu vídd hafinn, og eiga þann séraðgang að fimmtu vídd sem hina ólærðu skorti. Þarna var efni í góðan skoppátt, en engan vissi ég nota sér þann möguleika.

„Í öðrum víddum“ er hið algengasta dulfræðital á síð-20. öld, og hafa því tengst allskonar skyndifirrir: and-efni; tímakeilur; botnlaus göt kolsvört og önnur hvít; alætur himingeimsins (v. Neumann skrímslin) o.s.frv. – Fullyrði ég ekki, að allt þetta sé eintómar vitleysur frá upphafi til enda, en að miklu leyti er það, og svo eitt dæmi sé tekið, þar sem and-efnin voru, (fyrir því mátti færa ýmis rök að þau *gætu* verið til) að aldrei fannst tangur né tetur af þeim, um allan himingeiminn, hvernig sem leitað var. Eftir 1975 hefur reyndar enginn leitað að þeim; því að þá var orðin tíska að leita heldur að „svörtum götum“. En nú er ég óvart kominn burt frá dulfræðunum yfir á svið vísindanna, enda má segja að skilin séu ekki alltaf ýkja skörp, þegar um villuvísindi er að ræða.

Athyglisvert er, að á hnetti þar sem hugmyndir af þessu tagi þróast, skuli hinar einföldu og glöggu skýringar Nýalssinna, sem byggja á traustri undirstöðu doktors Helga – og almennra vísinda – ásamt nokkrum viðbótum síðar fram komnum, eiga ekki meira upp á pallborðið en svo, að útilokað virðist, að þær fái nokkursstaðar aðgang. „Öllum skollanum trúa þeir, nema því sem sannleikur er“, sagði vitur maður um Jarðarmenn fyrir all-löngu og hefur lítil breyting orðið á síðan. Enda eru þessar línur ekki ritaðar til að sannfæra neinn, heldur ef verða mætti, til að glöggva það fyrir þeim, sem sjálfir eru farnir að skilja, hvers eðlis fyrirstöðurnar hafa verið – og eru enn, þegar ljóskösturum er beint inn í hugskot hinna dulfróðu.

P. G.

Heimilishættir í Hlíð

Aldís Pálsdóttir, húsmóðir í Litlu-Sandvík,
segir frá í samtali vorið 1982
(Síðari hluti, framhald úr Lg. nr. 80, ágúst 1993)

Móðir mín hafði afar gaman af að ferðast og koma á ókunnar slóðir, en átti þess ekki mikinn kost. Það var nú svo í æsku minni að fólk ferðaðist næstum ekkert, nema að nauðsyn bæri til. Faðir minn hafði ferðast með Helga Pjeturss um Snæfellsnes, norður til Mývatns og austur undir Eyjafjöll, þar sem honum þótti fegurst sveit á landi hér. Móður mína langaði líka til að sjá þessa staði, en engin tók voru á því, þar sem bílarnir voru þá ekki komnir að marki. En svo kom að því að bílar breiddust út. Man ég vel er við fórum með foreldrum okkar í skemmtiferð austur í Fljótshlíð árið 1930. Undir Eyjafjöll komumst við ekki, því að þá voru brýrnar ekki enn komnar á vötnin. En það var betra en ekki að komast í Hlíðina og að sjá yfir til Fjallanna.

Heimilishættir hjá okkur í Hlíð voru svipaðir því sem gerðist á sveitaheimilum um land allt á fyrri tíð. Foreldrar mínir fóru ekki eins snemma á fætur og tíðkast hafði í búskap afa og ömmu og yfirleitt ekki fyrr en klukkan sjö til átta eftir árstíðum og ástæðum. Byrjað var á að drekka morgunkaffi og svo kom morgunmatur klukkan hálf tíu. var þá borðað braut og smjör, ostur, kjammar, harðfiskur og stundum svið, súrir sundmagar og fleira góðgæti. Einnig var skyr eða hræringur og mjólk út á. Í hádeginu klukkan tólf var bara molakaffi, en heitur matur klukkan hálf fjögur, sem kallaður var miðdagsmatur. Oftast var þá kjöt eða fiskur og mikinn hluta ársins ýmist saltkjöt eða saltfiskur. Þá var miðaftanskaffi klukkan sex og loks kvöldmatur eða kvöldskattur klukkan átta eða níu, sem að mestu samanstóð af skyri og mjólk, brauði, slátri og fleira. Hangikjöt höfðum við til hátíðabrigða og einnig borðuðum við stundum niðursoðið kjöt, sem foreldrar mínir útbjuggu á haustin. Það þótti gott að grípa til þess á sumrin, þegar óvænta gesti bar að

garði, og bragðaðist ágætlega. Pabbi var mjög laginn við þetta og man ég eftir því, að á haustin var hann fenginn til að sjóða niður kjöt fyrir frú Katrínu Briem á Stóra-Núpi og einnig leiðbeindi hann þeim á Hæli við þetta. Kristín og Ágúst í Ásum létu einnig sjóða niður kjöt. Að því vann Jakob í Galtafelli. Systir þeirra, Guðný Jónsdóttir, var óvenju listræn handavinnukona.

Fráfærur höfðu löngum tíðkast í Hlíð, en þó verið hætt áður en ég fór að muna eftir mér. Þær voru svo teknar upp að nýju og fært frá árin 1916-1917 sem ég man vel eftir. Smalaði ég þá kvíaánum kvölds og morgna, en þær voru milli 30 og 40. Ekki þurfti að sitja hjá þeim, því að þá var komin góð girðing inn með Laxá, þar sem þær voru hafðar. Við Lýður bróðir minn smöluðum og rákum til skiptis, en Einar bróðir minn var meira í hestasókningum og ferðalögum. Þá urðum við systkinin að reka og sækja kýrnar, sem var talsvert verk, því að fjallið var erfitt. Rjómaþú var starfrækt hjá Ásum á þessum árum og var farið með rjómann frá okkur þangað annan hvorn dag. Oft var ég send í þessum erindagerðum og kom þá í búíð, þar sem ein kona vann að staðaldri. Allt var þarna mjög tæknilega útbúið og vélarnar gengu fyrir vatnsafli, því að Kálfá rann þarna hjá, sem hægt var að hagnýta. Smjórið var sett á kvartil og sent suður til Reykjavíkur. Sumt var selt þar í búðum eða þá að það var flutt til útlanda.

Árið skiptist hjá okkur í fjögur nokkuð afmörkuð tímabil, þar sem tiltekin og nauðsynleg verk voru unnin á hverjum tíma. Á vorin var það einkum sauðburður, stungið út úr fjárhúsum og þurkuð skán til eldiviðar, vallarávinnsla, rúningur og ullarþvottur. Svo kom heyskapur á slætti og snerist þá tilveran um að ná sem mestum og bestum heyjum, enda var oft talað um bjargræðistíma. Haustinu fylgdu fjallferð, réttir, sláturtíð og matargerð. En á veturna voru það gegningar og margvísleg heimilsstörf. Fé var haft inni á gjöf, þegar vont var veður og lítil jörð, en annars var því beitt í öllu skaplegu. Þurfti þá oft ekki meira en hálfa gjöf, þegar tíð var góð sem oft var. Heimilisiðnaður var margvíslegur á veturnum og vinnan við ullina var þar þyngst á metunum. Það þurfti að taka ofan af og

síðan að kemba og spinna. Næst var svo tekið fyrir að þrjúna og síðan vefa, þegar nokkuð kom fram á veturinn. Í hópi vefara sem fengnir voru að Hlíð voru þeir feðgarnir Kjartan organisti og Jóhannes, faðir hans. Einn veturinn kenndi Kjartan mér líka að spila á orgel milli þess sem hann óf og fór þetta vel saman hjá honum. Það voru ofin teppi og salúnsábreiður og svo alls konar efni í föt. Þar á meðal voru fín efni í kjóla og var þá venja að senda bestu dúkana suður í litun og lóskurð. En mest var kannski unnið af vormelsdúk í buxur og önnur hverndagsföt.

Fólkið heima sat við tóvinnu og aðra handavinnu fram eftir kvöldi, en undir klukkan tíu var farið að hugsa til að lesa húslesturinn, sem var fastur liður á hverju kvöldi. Eitthvað var þó farið að draga úr þessu síðustu árin mín heima upp úr 1930, en passúsálmarnir voru þó alltaf lesnir á föstunni og húslestur um miðjan dag á sunnudögum og það jafnvel á sumrin líka. Einu sinni var það um haust, að ekki fannst húslestrarbókin sem lesa átti úr við vetrarkomuna. Hafði hún verið færð til við hreingerningu um vorið og mundi enginn hvar hún hafði verið látin. Ég var í skyndi send austur að Hæli til að fá lánaða bók, því að ekki þótti koma til mála að fella niður lesturinn. Á hverjum morgni byrjuðu inniverk á því, að sængum var ýtt upp að þili og breitt yfir vel og vandlega, svo að gott væri að sitja á rúmunum. En eftir lesturinn á kvöldin var farið að búa um og síðan gekk fólk til náða. Sváfu venjulega tveir í hverju rúmi og þótti það eðlilegt og sjálfsagt.

En þrátt fyrir tóvinnu og önnur störf á vetrarkvöldum, þá mátti ekki gleyma kvöldvökunni. Því sat alltaf einhver heimilismanna nálægt ljósinu og las hátt fyrir hina. Það voru lesnar alls konar skáldsögur, Íslendingasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda og margt fleiri, sem fólkið hlýddi á með athygli. Það ríkti mikil hlýja og kyrrð á vökunni hjá okkur heima á æskuárum mínum og mér finnst að allir hafi verið glaðir og ánægðir og sáttir við tilveruna. Til slíkra stunda er því gott að hugsa.

Á kvöldvökum batt faðir minn inn bækur. Hann verkaði sjálfur skinnið á kjöllinn á þann hátt að álún var sett innan í

nýjar lambagætur, viðarbörkur af birki var soðinn, lögurinn sigtaður og var þá móbrúnn, ullin sem var laus af gærunni eftir álúnið var hreinsuð af, skinnin þá lögð í volgt soðið af viðarberkinum og látin liggja í dægur. Þegar skinnið var orðið þurrt eftir þessa meðhöndlun var það auðvelt til notkunar við bókbandið. Við stelpurnar fengum oft spariskó með hvítum eltiskinnsbryddingum úr þessu mjúka, brúna skinni. Þeir jöfnuðust á við danska skó.

Einna eftirminnilegastar minningar á ég frá Kötlugosinu 1918. Gestur á Hæli kom því í verk að margir bændur í Gnúpverjahreppi fóru að rækta kartöflur í stórum stíl í miklum félagsgarði í Þjórsárholti. Þar var volgra í jörðu en engum datt þá í hug, 1917-1918, að nýta þann hita til húshitunar. Ég var að taka upp kartöflur í Þjórsárholtsgarðinum daginn sem Katla hóf gosið. Fleira fólk frá Hlíð var með mér. Þann dag var líka fólk frá Hæli, Geldingaholti og Hrepphólum. Um hádegisbil gaus upp stór skýjastrókur hátt á loft yfir Tindafjallajökli. Gísli Gestsson á Hæli og Gréta Sigurgeirsdóttir, sem átti þar heima, fóru fljótlega að taka eftir stjörnuhlæringum, þótt sólskin væri. Og um hádegis tíma var strókurinn bjartur – öðruvísi en Heklugosið 1947, þar var kolsvartur veggur strax í byrjun. Þegar leið á daginn voru svo miklir glampar og sprengingar í mekkinum að engum duldast hvað um væri að vera. Steingrímur í Geldingaholti, kvæðamaður og bændavísna höfundur, gaf þá skýringu fyrstur þarna í garðinum, að Katla væri að gjósa.

Úr samtalsþætti við Aldísi Pálsdóttur frá Hlíð.

[Aldís Pálsdóttir í Litlu Sandvík var dóttir Páls Lýðssonar í Hlíð, sem lengi var leiðsögumaður Helga Pjeturss í rannsóknarferðum. Allt frá unglingsaldri dvaldi Helgi hjá vinafólki sínu í Hlíð í sumrin og er Hlíðar-fólk efalaust bestu heimildarmenn um hinn mikla vísindamann sem nú er uppi.

Páll Lýðsson yngri, hreppstjóri í Litlu Sandvík, léði mér góðfúslega ljósrit af handritum Aldísar móður sinnar, til birtingar og bið ég hann nú að þiggja bestu þakkir frá okkur Lífgeisla mönnum fyrir það. – Þorsteinn Guðjónsson.]

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka:

Fjallamaðurinn

Í apríl 1985 gerði ég samning við Kirkju Jesú Krists, eða Mormóna eins og þeir eru jafnan nendir, þess efnis að þýða fyrir þá eitt hundrað og tuttugu texta fyrir börn í bók, sem síðar kom út undir nafninu „Syngdu með mér.“

Mér gekk ekki vel að komast af stað með verkið og sat oft í þungum þönkum á skrifstofu minni og hélt jafnvel að þetta yrði mér ofviða.

Svo var það einn daginn að maður birtist mér, stórvaxinn og skeggjaður. Hann kvaðst heita Tom Hart og hefði verið leiðsögumaður í för Mormóna til Utah á sínum tíma.

Nú kvaðst hann hafa orðið fyrir hughrifum frá mér og skynjað hversu sárt mér þætti ef ég gæti ekki þýtt þessi barnaljóð.

Hann sagðist ætla að sýna mér svipmyndir frá för Mormónanna og þá myndi ég betur skilja þetta fólk sem ég hefði aðeins heyrt um af afspurn.

Hann lagði aðra hendina á öxl mér og þá sá ég eins og í nærsýn marga atburði sem urðu mér ógleymanlegir.

Eftir þetta varð ég oft var við Tom Hart og mér gekk vel að þýða ljóðin og þau urðu raunar miklu fleiri en í upphafi var gert ráð fyrir og í hvert skipti sem ég var í einhverjum vafa kom Tom og verkinu lauk á nálega réttum tíma.

Eftir verklok þessi hef ég ekki orðið var við Tom Hart en mér verður oft hugsað til hans sem góðs féлага og vinar.



Ástin er leiðin til guðs. *H. P.*

Ingvar Agnarsson:

Óhugnaður „sport“-veiða

I.

Ár frá ári eru fuglaskyttur að færa sig upp á skaftið, til að fullnægja veiði-áráttu sinni, og þar fær „blessuð rjúpan hvíta“ að kenna á þessum óhugnaði, heldur betur. Rjúpnaskyttur æða nú um landið, jafnvel til afskekktustu staða þess, á fullkomnustu farartækjum, (meira að segja þylum að sagt er), og skjóta á allt kvikt, sem fyrir verður. Svo virðist sem samviskan sé þeim fjarri. Hún virðist ekki angra þá, þótt vitað sé, að fleiri rjúpur sleppa helsærðar úr greipum þeirra, heldur en þær, sem ná að deyja við fyrsta skot. Og víst er, að dauðastríð hinna særðu rjúpa varir oft æði lengi.

Siðgæðisvitund „sportveiðimanna“ (þeirra sem fara á veiðar sér til ánægju eingöngu, án allra þarfa) virðist vera æði lágkúruleg, miðað við það, sem áður fyrr var ríkjandi, þegar tillit var tekið til lífsins sjálfs og til hins helga lífsréttar hvernar lifandi veru. Þá var jafnan aðeins veitt eftir því sem þörf var á. Drápslöngun mun hafa verið lítt þekkt.

II.

Hér þarf að verða gjörbreyting á hugarfari manna. Og hvað mætti til þess verða? Hið eina sem dugað gæti, mundu vera bætt lífsambönd við lengra komna lifendur annarra hnatta í öðrum stöðum alheims, svo sem þeir hafa svo lengi stefnt að, með geislandi áhrifum sínum hingað, þótt ónógan árangur hafi borið, vegna tregðu manna og skorts á réttum skilningi lífsambanda. En færi þessi viðleitni hinna lengra komnu að bera árangur, þá mundi brátt taka að rofa til í mannheimi á þann hátt, að algjörrar stefnubreytingar til góðs mætti vænta á öllum sviðum lífsins.

8. 1. 1992.

Þorsteinn Guðjónsson:

Ástæði – Ástæðingur

Nokkur orð um íslensk orð

Menn eru stundum að tala með hrifningu um þau færi, sem íslenskan gefur á því að skapa ný og hentug orð, og er það undireins í rétta átt, að segja þetta. En þó þykir mér þessi aðdáun ná fullskammt stundum; því að það er eins og sumir haldi, að þessum eiginleika tungunnar verði að halda innan þröngra marka, eins og t.d. þeirra að þýða ný útlend tækniorð og vöruheiti eða hugtök sem koma utanað. Íslenskan á eftir þessari stefnu aðeins að vera ambátt, en aldrei drottning.

Það er þó ekki um að villast að heimspekileg frumhugsun hefur komið fram hér á landi, og er vissulega meðal þess sem best hefur verið orðað á íslensku máli, og nýyrðin mest vönduð til. Enda ekki á öðru von en að það sem best er hugsað og áreiðanlegast, sé einnig það sem skýrast verður í framsetningu. Dæmi um slíkt eru orðin tvö sem sett eru hér í fyrirsögn.

„Um áhrif *ástæðis* og *fleira*“ nefnist grein eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum, sem birtist í „Íslenskri stefnu“ árið 1956, en var skrifuð 2-4 árum fyrr. Nefnir hann þar fyrst þá alkunnu reynslu að sjá mannsandlit í klettum, skýjum, veggjum o.fl.: „Stafar þetta að sjálfsögðu frá sjálfum mér þannig, að mér verða hinir ýmsu hlutir að mannaandlitum vegna þess, hve þau form eru mér kunn og hugstæð.“ En svo segir Þ. J.: „En þó þykir mér ekki alveg óhugsandi, að stundum sýnist þessar myndir vegna *ástæðis* hinna nálægu hluta við myndir eða menn, sem einhverjir aðrir sjá raunverulega, og skal hér segja frá dæmi sem virðast benda í þá átt“. (Lbr. hér)

Þ. J. telur að sumar þessar myndir, sem fólki sýnist vera í klettunum, skapist við eins konar samleik skyggni­gáfunnar við „efniviðinn“, og er langt síðan ég sannfærðist um að þar hefur hann fundið hið rétta. Ég hef séð í klettum fjölda af manns-

andlitum sem voru þannig að óhugsandi var að slík hafi nokkurntíma borið mér fyrir augu. Að „ímyndunarafi“ búi slíkar myndir til, er ótæk skýring. Ætla ég ekki að rekja lengra hina merkilegu grein Þ. J., en þarna kemur hann í fyrsta sinn fram með orðið ástæði (skrifað í mars 1952) og skal nú huga nokkuð að því orði. Enn ómerkilegri er sú skoðun, að slíkar myndir „séu ekkert annað en“ steinar þeir eða hlutir sem sýnin binst við.

Til er í almennri eðlisfræði, hugtakið „resonance“ sem stundum er þýtt með „endurhljómun“: það að enduróma og „hljómgrunnur“: það sem endurómar. Þegar strengir eru hreyfðir ómar hljómbotninn undir og magnar hljóðin. Þegar herflokkur gengur taktfast yfir brú, getur svo farið, ef göngutakturinn hittir á eigintíðni brúarinnar, að hún fari að ganga í bylgjum og hrynji. En fróðlegast er þetta þó með tveim píánóm. Lagið sem leikið er á annað hljóðfærið, spilast sjálfkrafa á hitt – ef skilyrði eru rétt. Hér er orðið ‘ástæði’ eins og sniðið til þess að vera „þýðing“ á ‘resonance’, þó að Þ. J. hafi raunar frumhugað það á „sálfræðilegum grunni“ meir en eðlisfræðilegum.

Í dæminu sem Þ. J. byrjar þarna á, er það mynd lifandi manns, einhversstaðar, sem sýngjafi sér, og þegar sú sýn kemur fram í heilabúi annars manns, sem er með opin augun (vökuskyggni), þá leitar augað uppi þá drætti sem standast á við hina aðsendu mynd. Samanber frásögn mína af sýnum Guðmundar Kjartanssonar jarðfræðings í Hekluhraunum, þar sem hann var aleinn á ferð, og engra manna vonir. Þrír ‘náungar’ dönsuðu fyrir augum hans úti í hrauninu. Þegar hann kom þangað voru þar aðeins jarðgufur, djámosi og hraun. Hélt hann, að þessir hlutir hefðu myndað sýnina. En svo leit hann upp í Heklu, dimma og ógnandi, og sá þar sömu náungana með sömu látum, en miklu, miklu stærri. Af þessu dró ég þá ályktun, sem mér sýnist pott-þétt, að sýnin eða myndaröðin hafi verið í heila Guðmundar (visio cerebrialis), og önnur óhjákvæmileg ályktun er sú, að hún hljóti að hafa verið aðkomin úr heila einhvers, sem sá þessa menn. Þegar svona er litið á (og vissulega mætti finna hundruð skyldra dæma) sjá

menn, að það er „heila-sjónin“ annarsvegar og flákar í hrauninu eða Hekluhlíðum hinsvegar, sem mynda *ástæði* eða standast á, eins og Þorsteinn Jónsson bendir á. Enginn efar, að þannig er þetta í hljómfraði og eðlisfraði – en þegar kemur að sálarlífi manna, þá veltur á því, hvort menn vilja skilja.

Ýmsir lesendur hafa kynnst þeirri hugsun, að draumakenning doktors Helga sé svo einstætt afrek á frumlífsjörð, að leitun muni vera á slíku í frumlífshnattasafni heillar vetrarbrautar. Það sem svo harðsótt var, hlýtur þá að hafa mikla þýðingu. Nú vill svo til hér á jörð, þar sem þessi einfalda, fagra og augljósa uppgötvun var gerð, að hún virðist eiga nærri því enga möguleika til þess framgangs sem nauðsynlegur er. En þar sem af henni leiðir, með nokkurri fræðilegri útfærslu, að líf eftir dauðann hlýtur að eiga sér stað, yrði árangurinn af draumakenningu þessari jafnvel enn stórkostlegri en hún sjálf.

Við sem gert höfum okkur þessa kenningu ljósa, hlutum að taka það ráð – úr því að hér voru lokuð sund öll – að varpa henni yfir í önnur sólhverfi, þar sem að vísu vantaði enn slíka uppgötvun, en á hinn bóginn var menningar- og trúarhugarfar þar ekki eins harðfjötrað og *hér*. Hugsun okkar hér leitaði sér staðar þar, fann þá sem hæfastir voru til viðtöku, og það fór að myndast hreyfing þar, sem líktist hreyfingu Nýalssinna hér. Þeir urðu *ástæðingar* okkar. En svo fór að lærisveinninn varð meistaránú fremri, náði miklu betri árangri, og hafa okkur nú hvað eftir annað og alveg óvænt borist ákveðnar bendingar frá einum slíkum hnetti, að þar hafi á fáum árum orðið stór-umbót á högum manna. Fyrst varð þetta í landinu þar sem menn þorðu að hugsa, síðan fylgdu aðrir fordæmi þeirra og síðan breiddist þetta út um allan hnöttinn. Er svo að skilja, að nú sé þeim hnetti borgið. En sé svo, og það hygg ég vera, að þarna sé farið að stefna upp úr, þá er líklegt, að áhrif frá framfarahnetti þessum gæti orðið öðru fremur til að ýta undir rétta hugsun og rétta framkvæmd hér á jörð.

Ég hef verið duglítill að skora á menn að hefjast handa og drýgja dáð. En þó vil ég nú óska þess að sem flestir verði til að lesa hinar nýju draumabækur Ingvars Agnarssonar (**Lífheimar**, **Furðuheimar**, **Víðheimar**. Skákprent 1992-3). Lesi menn

nógu vel og hugleiði málið, komist þeir að ákveðinni niðurstöðu, þá munu þeir eignast *ástæðinga* sjálfir, í öðrum sólhverfum, og þá mun allt fara að ganga betur.

Endurtekin draumasambönd munu nást við slíka ástæðinga, „draumalönd opnast“ til skipulegrar skoðunar, og mun þá hugarfar og stefna hér á jörð fara að mótast eftir því sem gerist á umbótahnöttum, en ekki á hinn veginn eins og nú er, að alltof miklu leyti (helstefna).

P. G. – 16. 01. 1994.

Fjarlæg vetrarbraut, M 82



Guðsríki er sambandsvera, þar sem allir einstaklingarnir eru fullkomlega samstilltir til einnar lífheildar líkt og líkami hvers einstaklings er sambandsvera, samstillt af ótal frumum, sem hver, að uppruninum til, samsvarar sjálfstæðum fyrstlingi. Helgi Pjeturss, (Nýall bls. 326).

Tvær smágreinar:

Sá hinn mikli munur

Íslendingasögur ættu menn helst ekki að *dæma*, fyrir en þeir eru farnir að þekkja vel nokkrar þær bestu: Eglu, Njálu, Eyrbyggju, o.fl. Aldrei hef ég getað látið mér annað skiljast um Eyrbyggju en að Þórður bóndi Sturluson, bróðir Snorra Sturlusonar, hafi skrifað hana. Er þetta ekki „mín hugmynd“ heldur hefur hún lengi verið uppi. Þórður var goðorðsmaður um Snæfellsnes og víðar frá því um 1190 til ársins 1237, er hann lést; hann var friðsamur, en harður í horn að taka og hélt öllu vel í skorðum og hefur orðið þaulkunnugur öllum málum héraðsins og sögu þess á svo löngum tíma. Fráleitt er að munkarnir á Helgafelli hafi verið hæfari til að skrifa söguna en hann. Vinátta var með Þórði og Guðmundi góða, og byggðist það á fornum ættartengslum. En Eyrbyggja er ekki sérlega kirkjuleg í orðbragði. Fágun hennar er af allt öðrum toga.

Þegar menn eru að tala um „ofbeldi í Íslendingasögum“ sem fyrirmynd að ódæðum í nútíðinni, þá er ástæða til að biðja þá að hugsa sig um! Á árabílinu 1900-1960 og lengur voru margir vel að sér í Sögunum hér á landi, en á því tímabili voru framin hér, eftir því sem ég best veit: tvö morð, eða eitt á þrjátíu ára fresti eða lengur. Nú er oss tjáð, að meðaltalið sé eitt á ári. Á síðasta þriðjungi þessarar aldar hefur menningarstiginu hrakað hér alveg ótrúlega, á flestum sviðum. Ef menn þekktu Íslendingasögur og íslenska heimspeki betur, væri hér öðru vísi ástatt. Munurinn á drengskap og ómennsku lægi þá ljóst fyrir.

Að því er varðar sanngildi sagnanna, þá er til einfalt svar gegn þeim sem vilja gera sem minnst úr því. Um 1960 mátti segja, að „skáldsögunnar“ réðu lögum og lofum. Engum skyldi hlíft, sem héldi öðru fram. En svo fundust rústirnar á Nýfundnalandi (L'Anse-aux-Meadows – Helge Ingstad) og það varð óhrekjanlegt, að hinar íslensku sögur um vesturferðir voru atburðaskýrslur, en ekki hugarfóstur skáldfuglinga. Að sumar

sögurnar eru frábær listaverk er allt annað mál. List verður því betri sem hún er sannari.

P. G. – Tíminn, febr. 1994.

Bólu-Hjálmar og helstefnulistin

Ég heyri tvo vísa menn í útvarpi vera að ræða um listir og menningu, og spyr þá annar hvort sjá megi fegurð í ljótleika, grimmd, óeðli og afskræmingu. „Þetta er grátt svæði“ segir þá hinn, „en því er ekki að neita að svo virðist vera“ og kvað hann slíka „list“ (tilv. merki mín P. G.) vera í mikilli sókn í Evrópu nú um þessar mundir. En svo nefndi maðurinn – Halldór var hann nefndur – í þessu sambandi Bólu-Hjálmar – að hann hefði verið á þessari leið – en þar brást honum listskilningurinn heldur betur.


Þegar Bólu-Hjálmar segir, að guð eigi margan gimstein þann sem glóir í sorpi mannlífsins, þá talar hann af skapi og þrótti gegn samtíð sinni, sem hann átti stundum í höggi við og var þá ekki alltaf að vanda kveðjurnar. Hvort nágrannar hans og samhéraðsmenn hafi að öllu leyti átt þetta skilið, má vera álitamál, en að Hjálmar hafi verið að dýrka sorpið þegar hann nefndi það þarna, er ekki annað en fjarstæða. Athygli hans beinist auðsjáanlega að mann-gimsteininum, sem hann kemur auga á í slíkri umgerð; hann er með öðrum orðum að uppgötva það sem er gott og fagurt, þar sem hann átti ekki von á því. – Óskandi væri að hinir „miklu listamenn úti í Evrópu“ – sem á var minnst – tækju betri stefnu, eða þá, að einhver verði til að moka út úr fjósinu.

P. G.

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENTI

FURÐUHEIMAR DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



Ingvar Agnarsson

Verð beint frá útgefanda kr. 1.980,- (bókabúðarverð er kr. 2.900,- + virðisaukaskattur). Bókin segir af sönnum draumum og raunverulegum, nákvæmt skráðum af höfundi að lokum hvers draums. Efnid er allfjölbreytt og skiptist í nokkra aðalkafla, svo sem: Draumsýnir til himins og stjarna; Þar sem lífið sigrar; Svif yfir landi; Hallirnir glæstu; Æðri listir í draumi; Flutt til framlífnattar; Staðirnir ógnvænlegu; Könnun bergs; Fólkið framandlega, og nokkra fleiri kafla. Draumar í bókinni eru samtals 67.

Bókin er 224 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 79 myndir og teikningar. Útgefandi **Skákprent**, Dugguvogi 23, Reykjavík. Pósthólf 1179. Símar 31975, 31391 og 31335. Fax 31399

Þorsteinn Erlingsson:

Til Helga Pjeturss

Afmælisvísur 31. mars 1903

Þó hafið sé ennþá að hamast við sand
og himinn í stormskýjum sínum,
þá er nú þó vorið á leiðinni í land,
það er ljós yfir deginum þínum.
Þú átt hjartleitan gest,
og við unnum þér best,
að þú ættir hér fræknustu sporin.
Hér í álögum öll
drúpa dalir og fjöll,
og þau dreymir um kóngsson á vorin.

Og Íslandi er gott, að þú elskar hvern dal
og ætlar hér stríðið að heyja.
En förin er ill um þann öræfa val,
þar sem aldirnar stirðnaðar þegja. –
Skyldi jökull og bál
eyða eins okkar mál,
skal sá ómur ei neinum þá mætur,
þegar Fjallkonan næst
blæju bláhvítri glæst
sofnar blund sinnar ísaldarnætur?


En við gleymum því, Helgi, og við gleðjumst með þér,
það er gaman hve örugt þú stendur;
við sjáum hann smá-fríkkar hópurinn hér
við hvern ham, sem er tekinn og brenndur.
Kannske leysumst við öll
bæði um bygðir og fjöll,
kannske bráðnar vor álaga-klaki.
Þú átt skínandi von,
vorsins vígdjarfi son,
þú átt vorsól að snjóskýja baki.

Svo verði sá geisli, sem vakti þinn dag,
eins og vorboði um landið og bæinn,
sem kveður á morgna við léttara lag,
þegar lengja fer blessaðan daginn.
Og sjálfum að endingu óskum við þér,
að þú erjir á stjúpum og tröllum,
uns kóngsdóttur þú út úr björgunum ber,
þá sem best er og fríðust af öllum.

Þyrnar. 1958, bls. 275

Athugasemd. – Sjaldan er góð vísa – eða kvæði – of oft kveðin, segir máltækið, og sannast það á þessu kvæði Þorsteins Erlingssonar. Í fyrirsögn þess í frumútgáfu stóð: Til Helga Pjeturssonar – en það var 3 árum áður en hann tók upp nafnið Pjeturss, en þannig höfum við prentað nafnið hér.

Þ. G.



Vér verðum að færa líffræðina út til stjarnanna. H. P. (Viðnýall s. 71).

Ingvar Agnarsson:

Stjörnusambandsstöðvarnar mörgu

I.

Áður en mig dreymdi eftirfarandi draum, hafði mig dreymt tvo stutta drauma en skýra, án þess að vakna á milli þeirra. Þar hafa því aðeins orðið snögg draumgjafaskipti. Mun ég sleppa að segja frá þeim hér. Og enn hagar svo til að skiptir um svið skyndilega, án þess að ég vakni.

Sá draumur hefst á því, að ég þykist standa úti á sólbjörtum degi. Ég er staddur á víðáttumiklu sléttlendi og ég beini sjónum mínum til mjög hárra fjalla framundan mér í allmikilli fjarlægð, en nær eru lægri fjöll, sem bera við þau og þau fara lækkandi því nær sem dregur, hver fjallaklasinn af öðrum, og enn nær, en þó allfjarri, lægri hæðir og ásar. Ég horfi hrifinn til þessara fjalla og virði þau fyrir mér. Og ég tek eftir, að uppi á hæstu fjöllunum eru víða bjartar og fagrar byggingar, í raun miklar hallir, þó litlar sýnist í þessari fjarlægð.

Nú þykist ég hvessa sjónir á þessar byggingar, eina og eina í senn, og þá gerist það merkilega (þótt ekki undraðist ég í draumnum), að ég get séð hverja þeirra um sig mjög skýrt, eða svo sem úr mjög lítilli fjarlægð væri. Allar eru þær hvítar eða mjög ljósar, og útlínur þeirra sé ég greinilega.

Sumar e.t.v. flestar eru byggingarnar útlits, sem kúlulaga hvelfingar, en sumar eru með annarri lögun og standa upp úr þeim sumum fagurlega mótaðir turnar með ýmissi lögun. Í hug mér kemur, að allar séu byggingar þessar **stjörnusambands-**

stöðvar, þ.e. byggingar ætlaðar til sambands við íbúa annarra stjarna.

Grifinn horfi ég á fjöllin og byggingarnar fögru, en ekki verð ég neitt undrandi. Það er sem hafi ég vitað allt um þetta áður. Og mér þykir sem þetta svæði sé á merkilegasta landi jarðar minnar, mínu landi, og hér fari fram merkilegasta starfsemi þjóðar minnar og heimsins alls.

Hér endar draumur. En allengi lá ég og naut hinna góðu áhrifa, sem eftir sátu í huga mínum, meðan ég var að vakna og fyrst á eftir.

II.

Nú er frá því að segja, að þessi draumur minnir allmjög á annan draum, sem mig dreymdi fyrir um hálfu öðru ári, eða 13. janúar 1992.*

Munur þessara drauma er einkum sá, að nú var allbjartur dagur en þá var rökkur. Þá greindi ég samt útlínur fjalla og á fjöllunum sá ég víða björt ljós, og í fjarheyrn var fyrir mér skýrt, að það sem mér sýndust ljós, væru í raun og veru margar *stjörnusambandsstöðvar*. Í þeim draumi voru fjöllin hæst í eina átt, og ljósin flest, en ég veitti því athygli, að fjöllin náðu í hring, umhverfis stóra víðáttu og allstaðar mátti sjá ljós á þessum fjöllum.

En í þessum síðari draumi horfði ég aðeins á þann hluta fjallanna, sem hæst gnæfðu, en í fyrri draumnum voru stöðvarnar (ljósin) einmitt flest á því svæði.

Ég tel allar líkur á því, að nú hafi ég í annað sinn fengið draumsamband við mann á sama hnetti og á sama svæði og í fyrra skiptið, og mun það vera allóvenjulegt. En mikilsvært er, að fá endurtekið samband við sama hnöttinn. Það gæti einmitt leitt til aukins fróðleiks og aukins vitneskjusambands við fólkið á þeim hnetti, ekki síst ef um sama draumgjafa væri að ræða. Ekki veit ég með vissu hvort svo hefur verið, í þessum

* (Sá draumur birtist í bók minni: „Lífheimar draumanna“ 1992, á bls. 49 og heitir þar „Fjöllin fögru og ljósin ljómandi“. Í raun var þetta fremur leiðsluskynjun en draumur, því ég mátti þá heita vakandi. Sjá einnig sama draum í *Lífgeislum* nr. 72, apríl 1992.)

nýja draumi. Hér virtist draumgjafinn vera öllu kunnugur, en í fyrri draumnum mátti skilja, að sá draumgjafi var öllu ókunnur, jafnvel svo, að líkast var því sem væri hann alveg nýfluttur til þeirrar lífstjörnu, því allt sem hann sá og skynjaði virtist vera honum framandi með öllu.

Að vísu má telja alveg víst, að hafi draumgjafinn í þessum nýja draumi mínum, verið sá hinn sami og í fyrri draumnum, þá sé hann nú orðinn öllum málum kunnugur, eftir eins og hálfis árs dvöl á þeim nýja stað.

Læt ég svo lokið hugleiðingum mínum um samanburð á þessum tveim draumum mínum.

En æskilegt væri að þeir sem nú lesa þennan nýja draum minn, læsu einnig hinn fyrri, til þess að gera á þeim samanburð með það sjónarmið í huga, sem ég var hér að nefna, að um sama stað á öðrum hnetti væri að ræða í báðum draumunum og jafnvel sama draumgjafa.

*Dreymt 14. júní 1993
morgun kl. 8-9.*

(600)

Draumur um flugvél

Mig dreymdi að ég stæði úti og horfði á flugvél, sem framhjá fór, ekki allfjarri. Hún var geysistór. Aftur úr henni stóðu eldtungur miklar. Er hún var komin í talsverða fjarlægð féll eitthvað niður frá henni, og var það einnig eins og logandi. Fannst mér einhver ógn stafa af flugvélinni og því er frá henni féll, án þess þó að gera mér nánari grein fyrir, af hverju sú ógn stafaði.

*Dreymt 5. ágúst 1969.
Ingvar Agnarsson.*

Dýrðleg tilvera

(Draumsýn til lengra komins mannkyns)

I.

Ég var skorinn upp við ristilfellingum (garnaflækju) (þrd. 11. nóv. 1990) og var látinn fasta í fjóra daga á eftir. Næstu þrjár nætur, (fimmtud., föstud. og laugardag) dreymdi mig á hverri nóttu. Og mér finnst þeir draumar ekki hafa verið neitt venjulegir, heldur finnst mér rétt eins og þeir hafi ruðst um fast, til að komast að, hver á fætur öðrum, rétt eins og þeir hefðu engan tíma til að bíða hver eftir öðrum. Þetta gerðist á hverri nóttu. En svo gat ég að vísu ekki munað nema slitur úr síðasta draumi hverrar nætur. En svo sterk urðu áhrif þessara drauma, að svo mátti heita, að hugur minn væri altekinn af þeim allan daginn eftir og raunar í miklu fleiri daga eftir það.

Á fimmtudagsmorgni mundi ég slitur úr síðasta draumi næturinnar. Það sem í honum bar fyrir augu var svo fagurt, að engan veginn get ég með orðum lýst, nema mjög ófullkomlega. Fjöll sá ég, nær og fjær, flest há, en lægri hæðir nær. En slíkri litadýrð, sem hér gat að líta, er mér alger ofraun að reyna að lýsa. Alla fegurstu liti litrófsins virtist bera fyrir augu í landslagi þessu, og ekki var síður, að því er snerti loft og himin. Ég leit vítt um. Allstaðar voru þessir undursamlegu, heitu litir, sem eins og runnu hver inn í annan. Þetta var allt eins og óumræðilega fagurt litasamspil allrar náttúrunnar, bæði himins og jarðar nær og fjær.

Gagntekinn horfði ég á alla þessa dýrð, ekki sem ókunnur áhorfandi, eða eins og ég væri stórum undrandi yfir því sem fyrir augu bar, heldur öllu fremur sem stórkostlega glaður og fagnandi yfir að njóta allrar þessarar dýrðlegru tilveru, sem mér fannst í raun eins og ég hefði lengi notið að staðaldri.

II.

Þessa draums naut ég að, allan þennan dag, ef svo mætti segja.

Mér fannst ég hafa stórlega magnast af honum, og mér fannst líðan mín og öll tilvera vera mér miklu bjartari og betri einmitt hans vegna. Þennan dag allan var ég því sannarlega vel haldinn. Það var eins og ég liti lífið og tilveruna alla í miklu bjartara ljósi, en maður á að venjast.

Þetta var fyrsta draumanóttin af þremur, sem ég átti hér, meðan ég var látinn „fasta“, eða réttara sagt, var með næringarvökva í æð.

*Dreymt þrd. 11. 11. 1990, á Borgarspítala.
Ingvar Agnarsson.*

552

Ljómandi sýn

Sigurður, sonur minn, kom til mín í heimsókn á Borgarspítalann, sunnudaginn 25. nóv. 1990, en þar hafði ég verið um sinn eftir uppskurð. Sigurður var einn. Við ræddum margt, og m.a. sagði ég honum frá þeirri sérstöku reynslu, sem ég hér hefði lifað fjórar nætur í röð, 20. – 23. nóv.

Hann sagði mér svo frá því, í lokin, að þær hefðu komið til mín hingað í heimsókn, þær Ágústa, kona hans og Aðalheiður, móðir hans (kona mín). Það hefði verið föstudaginn 16. nóvember og hefði ég þá enn verið með næringarvökva í æð (eftir uppskurðinn), og enga aðra fæðu. Þær hefðu ætlað að standa stutt við, en önnur hefði orðið raunin. (Ég man nú vel eftir þessari heimsókn þeirra, en engu öðru í því sambandi).

Siggi kvað Ágústu hafa sagt sér frá um kvöldið:

„Ingvar lá í rúmi sínu og talaði við okkur. Eftir um það bil hálf tíma ætlaði ég (og við báðar) að fara, eins og ráð hefði verið fyrir gert. Enda var ég talsvert lasin, einkum í höfði, hafði verið með illan verk í marga daga. En þegar við erum að standa upp til að fara, biður Ingvar okkur að hinkra við. Það sé eitthvað sem hann sjái. Hann liggur aftur á bak með lokuð augu. Og nú fer hann að lýsa því, að fyrir sig beri mikla birtu.

Það sé eins og hún iði nokkuð eða bylgist til og frá. Og innan skamms kveðst hann sjá skínandi veru í þessu hjarta ljósi. Og hann lýsir henni allnáið. Svo segist hann sjá hjartan, breiðan geisla, sem leggi yfir mig (Ágústu) alla, iðandi og eins og á hreyfingu. Við Heiða ætluðum að fara að spyrja hann einhvers, en hann sagði þá, að við skyldum vera alveg hljóðar, því annars hyrfi það, sem hann sæi.

Við biðum hljóðar. En hann hélt áfram að tala, ákaflega hægt, rétt eins og honum væri ekki sjálfrátt. Og nú sá ég ekki betur, en hann væri í einhverskonar dái eða einskonar miðils-svefni.

Að lokum sagði Ingvar, að nú væri sýnin horfin. Og við stóðum þá upp, kvöddum hann og fórum“.

Þetta var sú frásögn sem Sigurður hafði eftir konu sinni. En hvernig sem ég reyndi, gat ég ekki rifjað upp í huga mér eitt einasta atriði þessarar frásagnar.

Sigurður taldi einmitt það, (þessa algjöru gleymsku mína) vísbendingu þess, að ég hefði fallið í einhverskonar dásvefn.

En svo er annað atriði, sem Sigurður taldi meira en lítið athyglisvert í sambandi við þennan atburð: Allur verkur var nú gjörsamlega horfinn úr höfðinu á henni (Ágústu) og öll önnur vanlíðan, og hafði ekki látið á sér bæra í þessa 9 daga, sem síðan voru liðnir.

Nokkru síðar átti ég tal í síma við Aðalheiði, konu mína, og sagði henni hvað Sigurður hefði verið að segja mér eftir Ágústu. Hún kvað þetta vera rétt í öllum atriðum en undraðist (eins og Sigurður) að ég skyldi ekkert muna af þessu. Sér hefði ekki dottið annað í hug, en að ég myndi eftir þessu, því þetta ástand mitt hefði verið svo líkt því, sem ég hefði oft lýst heima hjá henni, en þá reyndar hefði ég aðeins talað eftir á.

Þetta er nú í stórum dráttum frásögnin af þessu undarlega atviki sem ég get engan veginn munað eftir sjálfur.

Fyrir miðilsmunn 12. 7. 1993.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ónefnd íslensk vísindakona.

(Ónefnd íslensk vísindakona):

Kona.

Sæl.

Íslensk framliðin kona.

Hér, þar sem ég er stödd, er bjart um að litast, dásamleg náttúrufegurð og heiður himinn, sól í heiði, fjöll hér mjög fögur og hátt gnæfandi í fjarska og mikil litadýrð, fjölskrúðugur gróður, blóm og tré, gras hið fegursta. Vatn hér ekki fjarri, þar sem eru fuglar og fiskar og borg nokkur er hér við vatnið og í borg þessari búa framliðnir í sátt og samlyndi og friði og eindrægni, ekki sundrung og ófriður og illindi.

Á ég heima í þessari borg miðri. Þar er höll nokkur, þar sem ég á heima eða ég kalla það höll og þar hef ég verið um allan skeið. Líður dásamlega vel og þar hef ég starfað ásamt fleirum að framfaramálum og þar hafa margir lagst á eitt. Mikil orka og kraftur er hver einn hefur yfir að ráða lýsir af mönnum og þannig má segja, að allir borgarþátttakendur séu hinir öflugustu.

Ekki er hér lítil áhersla lögð á vísindin. Raunar höfuðáhersla lög á að efla vísindi og þekkingu. Það ná varla nokkur orð yfir slíkt, er hugirnir ná að samstillast í sannri þekkingu og skilningi á tilverunni, svo að hvergi ber þar skugga á.

Ég er vísindakona íslensk. Vonandi tekst að hefja mannkynið á vísindastigið fullkomlega og það verður þá gjörbreyting til batnaðar á ykkar jörðu, er komist er yfir á hið fullkomna samband á vísindalegum grundvelli við aðrar stjörnur.

Ég verð nú að kveðja ykkur og þakka fyrir.

Verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 2. 8. 1993.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ásgeir Ásgeirsson, forseti.

Helgi Pjeturss.

Enn er hér samband.

Ásgeir Ásgeirsson, forseti.

Heil og sæl.

Skynja til ykkar.

Fundarkona (ÁG): Þér líður sæmilega svona.

Af mér er það að segja, að mér hefur aldrei betur liðið og margt merkilegt á daga drifið á annarri jarðstjörnu, þar sem margt stórkostlegt á sér stað, framfarahugur ríkir og velvild og drengskapur mótar framkomu manna og lífernir.

Fundarkona (ÁG): Það er betra en hér á jörðinni.

Má segja, að þar sé ábótavant á ykkar jörð og það ekki lítið.

En þessi íslenska heimsfræði, sem Helgi Pjeturss er höfundur að, mætti auka mönnum mjög visku og víðsýni ef að verðleikum væri metin og þegin af alþjóð.

Hugarafli mitt er þúsundfalt orðið á við það, sem áður var, og líkamsþróttur að sama skapi miklum mun öflugri, og eru hér á framlífsjörð þessari, aflraunamenn miklir í andlegum og líkamlegum efnum og þar afrek stórkostleg oftlega unnin. Þannig að ekki er hér kyrrstaða, hvað þá afturför, og meir og meir vaxandi viðleitni til framfara einkennir þetta mannkyn, er ég nú tilheyri, og hefur mér oft verið hugsað til jarðarinnar, hve nauðsynlegt það væri, að einnig þar yrði ríkjandi slíkt hugarfar, sem hér um ræðir, efling vísindanna og mannúðarinnar.

Er ég þessa stund staddur í sal stórkostlegum og mannfjöldi hér saman kominn og orkuaðstreymi frá enn æðri lífstöðvum til okkar hið öflugasta, og má sjá hér í salnum, hvar koma fram verur í undrabjörtu ljósi og dýrð mikilli og fegurð og mætti. Eru hinar björtu verur, er birtast, hingað komnar úr annarri vetrarbraut og máttur þeirra geislar til sérhvers, er hér er staddur. Má sjá, hvernig (frá) mönnum birtir meir og meir vegna hinna miklu magnanar guðanna. Æsir eru hér og Ásynjur og mun tala hér Ásynja.

Sif, Ásynja:

Heil og sæl.

Ásynjur beina til ykkar huggeislum, magnandi krafti til þess að efla lífsþrótt ykkar og þjóðarinnar. Þegar þjóðin öll yrði samhuga Ásum og Ásynjum sem fullkomlegast, þá myndi afl þjóðarinnar margfaldast og vit. Áreiðanlega er samband þetta við hina fornu Æsi mögulegt og ekki vanþörf á raunar að efla það eins og framast er unnt, þannig að mætti verða allri þjóðinni til heilla.

Vitsambönd og hugsambönd slík, sem hér um ræðir milli stjarna, segja til sín með einum eða öðrum hætti. Það þarf að takast að koma á slíku fjarsambandi við Æsi, að heimsóknir gætu átt sér stað milli hnattanna, eins og vísir hefur verið að til forna fremur en nú raunar á síðari tímum, og þyrfti að taka það samband upp af þekkingu, er þá var ástundað af trú.

Hefur maðurinn um aldirnar tekið við áhrifum frá öðrum mannkynjum og þeim, sem eru enn æðri en mennirnir, goðkynjum, á fjarlægum hnöttum. Var þar stundum um stórmerkilega magnan að ræða frá æðri meðvitund en mannlegri og þá þannig að maðurinn um stund naut að guðlegrar visku og máttar í einhverjum mæli að minnst kosti og við það áhrif á líf einstaklingsins og fleiri, oft heillavænleg.

Það væri ekki lítið framfaraskref stigið ef allt mannkyn gæti orðið slíks sambands aðnjótandi í vaxandi mæli. Undraverð umskipti mundu þá verða á högun mannkynsins til batnaðar. Þegar vísindin væru hin sanna leiðarstjarna mannkynsins orðin í orðsins fyllstu merkingu, myndu samböndin upp á við fullkomnast með sívaxandi hraða.

Eigi mun ég nú að þessu sinni hafa þetta lengra og þakka fyrir.

Blessuð.

Ásgeir Ásgeirsson:

Jæja, það náði til ykkar hið guðlega samband að nokkru. Gyðjan hefur mælt hér fram fáein orð. Nú er undursamleg birtan, er af henni stafar og tign og fegurð. Vissulega er hér um stórkostlega máttugar verur að ræða, þær er Fornmenn nefndu

Æsi og Ásynjur og mönnum birtust á þeim tímum sumum í æðra ljósi á ykkar jörðu. Það var samband við hið æðra tilverustig á æðra stigi. Þannig að sagan geymir frásagnir Fornmanna af þessum guðlegu verum hnattanna þeim skyldum, er byggðu Norðurlönd. Hefur þar verið um merkar tilraunir að ræða til áhrifa á framvindu mannlífs á jörðu. Sumar hinar æðri vera hafa mikla stjórn á atburðum og framvindu á enn öðrum hnöttum og er nú að því stefnt að auka þá stjórn sem víðast á frumlífsstiginu.

Mun ég ekki hafa þetta lengra að sinni og þakka ykkur fyrir.
Blessuð og sæl.

Fyrir miðilsmunn 23. 8. 1993.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Stjörnu-Oddi.

Stjörnu-Oddi.

Heil og sæl.

Fornmaður íslenskur.

Hneigðist hugur að stjörnuathugunum í frumlífi og þangað beinist hugurinn enn og hefur mér þó í framlífi tekist að auka mjög við þekkingu mína á stjörnuheiminum. Það eru ótrúlegir framfaramöguleikar í vísindum á öðrum jarðstjörnum og ég hef notfært mér þá möguleika til hins ítrasta.

En það er nú ákaflega mikilsumvert að vita af hinu sanna eðli lífsins, hvernig lífið er þáttur í sköpun heimsins og það þarf að hugsa stórt og djarft, láta sér skiljast hina óþrotlegu sambandsmöguleika lífsins í alheimi. Hér veit ég þið hugsið á háum sjónarhóli og horfið, sjónarhóli stjörnusambandsskilningsins og þá má segja, að er á þann sjónarhól er komið opnast hið furðulegasta útsýni. Það sem blasir þar við sjáandanum, er auðvitað leiðin til hinnar æðstu fullkomunar fyrir æ fullkomnari samstillingu ótölulegs fjölda lifenda alheimsins.

Ég þakka nú fyrir.

Kveð ykkur að sinni.

Verið sæl.

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Litla sólin bláa og rauðu sveigarnir sérkennilegu (sjá forsíðumynd). I.A.	bls. 146
Áhrifamikil reynsla. Erich Stirnemann.	“ 147
Víddir í stærðfræðum og dulfræðum. Þorsteinn Guðjónsson	“ 151
Heimilishættir í Hlíð. Síðari hluti. Aldís Pálsdóttir	“ 155
Fjallamaðurinn. Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka.....	“ 159
Óhugnaður „sport“-veiða. Ingvar Agnarsson	“ 160
Ástæði – Ástæðingur. Þ. G.	“ 161
Sá hinn mikli munur. Þ. G.	“ 165
Bólu-Hjálmar og helstefnulistin. Þ. G.	“ 166

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPARENTI:

Furðuheimar draumanna. Safn drauma með skýringum á eðli þeirra. Höfundur: Ingvar Agnarsson	“ 167
--	-------

LJÓÐ:

Til Helga Pjeturss (Afmælisvísur 31. mars 1903) Þorsteinn Erlingsson	“ 168
---	-------

DRAUMAR:

Stjörnusambandsstöðvarnar mörgu. Ingvar Agnarsson	“ 170
Draumur um flugvél. Ingvar Agnarsson	“ 172
Dýrðleg tilvera. Ingvar Agnarsson.....	“ 173
Ljómandi sýn. Ingvar Agnarsson.....	“ 174

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Miðill: Sveinn Haraldsson	
Ritari: Gunnar Hjörvar	
Ónefnd Íslensk vísindakona	“ 176
Ásgeir Ásgeirsson, forseti.....	“ 177
Sif, Ásynja	“ 178
Stjörnu-Oddi	“ 179

MYR:

Vetrarbraut í Meyjarmerki (mynd)	“ 146
Vetrarbrautapýrping í Meyjarmerki (mynd)	“ 150
Stjörnumynd.....	“ 159
Fjarlæg vetrarbraut, M 82 (mynd)	“ 164
Sýn til stjarna og vetrarbrauta (mynd)	“ 169